

Hafnarframkvæmdir
10 241

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hafnarframkvæmdir
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Vegagerðarinnar
kt. 590169-6769
Borgartuni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hafnarframkvæmdir er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli hafnarlaga og veitir framlög úr ríkissjóði til verkefna á sviði hafnargerðar. Vegagerðin hefur umsjón með rekstri fjárlagaliðarins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 11 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.571,4 milljónir og afkoma kr. -300,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 397,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 598,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hafnarframkvæmda í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hafnarframkvæmda fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Bergþóra Þorkelsdóttir
Forstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	<u>1.571.400.000</u>	<u>1.360.500.000</u>
Tekjur samtals		<u>1.571.400.000</u>	<u>1.360.500.000</u>
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	<u>1.872.283.383</u>	<u>1.336.231.896</u>
Gjöld samtals		<u>1.872.283.383</u>	<u>1.336.231.896</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(300.883.383)	24.268.104
Afkoma ársins		<u>(300.883.383)</u>	<u>24.268.104</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	568.787.621	779.189.637
Handbært fé	5	29.265.825	103.095.270
Veltufjármunir samtals		<u>598.053.446</u>	<u>882.284.907</u>
Eignir samtals		<u>598.053.446</u>	<u>882.284.907</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Hrein eign		397.116.617	(63.267.656)
Eigið fé samtals		<u>397.116.617</u>	<u>(63.267.656)</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir	7	200.936.829	247.552.563
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	8	0	698.000.000
Skuldir samtals		<u>200.936.829</u>	<u>945.552.563</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>598.053.446</u>	<u>882.284.907</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(300.883.383)	24.268.104
		(300.883.383)	24.268.104
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		273.669.672	(160.447.959)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(46.615.734)	(1.292.724)
		227.053.938	(161.740.683)
	Handbært fé frá rekstri	(73.829.445)	(137.472.579)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(73.829.445)	(137.472.579)
		103.095.270	240.567.849
	Handbært fé í árslok	29.265.825	103.095.270

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.571.400.000	1.360.500.000
	<u>1.571.400.000</u>	<u>1.360.500.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	0	1.571.400.000	1.571.400.000
Fjárveiting til tekna	0	0	1.571.400.000	1.571.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	0	0	(1.872.283.383)	(1.872.283.383)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	0	0	(300.883.383)	(300.883.383)

	2022	2021
3 Framlög og tilfærslur		
Fjármagnstilfærslur aðrir	1.872.283.383	1.336.231.896
	<u>1.872.283.383</u>	<u>1.336.231.896</u>
	31.12.2022	31.12.2021

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	568.787.621	779.189.637
	<u>568.787.621</u>	<u>779.189.637</u>

5 Handbært fé

Tékkareikningar	29.265.825	103.095.270
	<u>29.265.825</u>	<u>103.095.270</u>

6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(63.267.656)	(87.535.760)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	761.267.656	0
Afkoma ársins	(300.883.383)	24.268.104
Jöfnuður 31.12.	<u>397.116.617</u>	<u>(63.267.656)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
7 Ýmsar skammtímaskuldir		
Önnur ógreidd gjöld	200.936.829	247.552.563
	<u>200.936.829</u>	<u>247.552.563</u>

8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	0	698.000.000
	<u>0</u>	<u>698.000.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	0	698.000.000	698.000.000
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	(698.000.000)	(698.000.000)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

9 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá fjárlagalið.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.